

Samferða í gleði og sorg

Eftir Sigurbjörn Þorkelsson

Mig langar góðfúslega að þessu sinni, óumbeðinn, að vekja áttahlíða þakkarverðustu starfi og þjónustu kirkjunnar í landinu. Kirkjunnar sem rammur inn líf okkar sem þiggja viljum sem greinar á því lífins tré sem fær að vaxa og dafna í skjóli og samfylgd frelsarans okkar og eilífa lífgjafa, Jesú Krists, á stærstu stundum ævinnar í gleði og sorg. Þar sem gleði, fögnuður og þakkaði ríkir í bland við tár, grát, sorg, söknuð og erfiðar tilfinningar.

Vissir þú til dæmis að í mörgum kirkjum er boðið upp á svokallaða krísalásala fyrir ungbörn? Einnig sérstaka foreldraorgna að ógleymdum sunnudagaskólanum gamla góða en síferisla þar sem fram fer vandað og uppbyggilegt, fræðandi og skemmtilegt starf. Einnig er í mörgum kirkjum boðið upp á sérstakt starf fyrir 6-9 ára börn og einnig sérstaklega fyrir 10-12 ára. Að ógleymdum vinsælum leikjanám-skóla á sumrin. Þá er ferlingarfræðslan góða á sínum stað sem endur með ferlingardegnum sjálfum sem er þó alls engin útskrift úr kirkjunni, heldur meðvitað upphaf á sjálfstæðri göngu með Guði í gegnum lífið undir leiðsögn leiðtoga lífins, Jesú Krists. Þá er í mörgum kirkjum einnig óflúgt unglinga- og ungmenna-starf.

Velkominn um borð, það eru allir velkomnir

Þá er boðið upp á fjölbreytt guðsþjónustu- eða messuhald á misjöfnum tímum á sunnudögum. Í miðri viku er svo í mörgum kirkjum opið hús með fróðlegum og skemmtilegum upptökum, öflugt og svein-sælt eldri borgarastrarf.

Þá rekur kirkjan fjölskylduráðgjöf og hjálparstarf. Kórastarfi er alltaf vinsælt, eftirsótt og öflugt. Kirkjuskólar, gospelkórar og barna- og unglingskórar.

Einnig er boðið víða upp á 12 spora



Sigurbjörn Þorkelsson

» Í kirkjunni eru engir gestir. Þar eiga allir heima sem vilja vera með. Kirkjan byggist upp á lifandi steinum. Flestum líklega hríplekum.

fyrir. Einnig kvöldstundir með tónlist, orði úr Biblíunni, stuttari hugveki og hugljúfri tónlist og jafnvel ljóðalestri.

Stuðningur, samstaða og fræðsla

Í kirkjunum má einnig finna sorgarþópa. Stuðning og eftirfylgd við þau sem hafa misst og fást við sorgarúrvinnslu. Þá er boðið upp á fjölbreytt menningar- og listastarf þar sem sköpunargleðin fær að þróast, njóta sín og finna sér farveg.

Kirkjan er víða í bæjarfélögum og hverfum þátttakandi og jafnvel miðstöð hverfahátíða eins og á öskudaginn, sumardaginn fyrsta og á vorin í lok veturstarfsins.

Öft eru haldin málþing um eitt og annað sem tengist bæði erindi kirkjunnar og tengingu við nútímasamfélag á nánast öllum sviðum. Rætt um umhverfismál, að fara vel með náttúru og hlúa að loftsláginu. Mótun flóttamanna- og innflytjendastefnu. Starf fyrir fólk sem nýflutt er til landsins og aðstoð við það. Fræðsla um menningar- og trúararfléttu og rætt um kristna trú, hlutverk og stöðu kirkjunnar í nútímasamfélagi.

Farið er gjarnan í menningar- og

starfið, andlegt ferðalag. Fundi og námskeið. Jafningjafræðsla og spjall í hópum auk Alfa-námsleða þar sem fjallað er um undirstöðu kristinnar trúar og iðkun í daglegu lífi.

Kirkjan býður einnig upp á kyrrðar- og bænaundir, námskeið í nútímu, Biblíulestra og spjall þar sem textar Biblíunnar eru teknir

fræðsluferðir á vorin og haustin þar sem fræðst er um sögu, landið skóað og jafnvel komið við fyrirtekið víða um land þar sem fræðsla fer fram um nýjungar í atvinnulífnum.

Allt er þetta stutt rammað inn með sýningu, svotum hugleiðingum, bæni og blessunarorðum svo allir fara ríkari andlega frá borði.

Siglum saman í átt að friðarins höfn

Um leið og kirkjan þarf að fá að vera skjól fyrir dægurþrasi þarf hún ávallt að taka sér stöðu með þeim sem hallað er á og eða verða undir í samfélaginu með einhverjum hætti.

Um leið og kirkjan býst til að ramma ævigeingu fólks inn með skírni, fermingu, hjónavígslu og útforum þarf hún jafnframt að vera mannlífstorg iðandi af lífi, fræðslu og samtal. Hún býst til að vera til staðar þegar á þarf að halda og styðja fólk sem verður fyrir afköllum á lífsleiðinni eða fer í gegnum erfið áfviðskæði.

Kirkjan þarf að vera sá leiðarvísir sem henni var ætlað þar sem allir eru jafnir og ekki er spurt um aldur, kyn, menntu, stétt eða stöðu. Kirkjan vill fá að taka þátt í að styrkja fólk til valdeffingar og byrgkari sjálfmyndar. Sérstaklega þeirra sem finna sig einhverra hluta vegna vanmáttu í eigin skinni og gagnavart kerfinu, sjálfum sér, samfélaginu eða Guði.

Biðjum fyrir kirkjunni og hennar fjölbreytta og mannbættandi starfi og þjónustu. Biðjum fyrir okkur sjálfum og öllum þeim verkefnum sem við tökum á við og því fólk sem við mætum dagsdaglega.

Við erum öll kirkjan sem þiggja viljum. Hún byggist upp á lifandi steinum. Flestum líklega hríplekum.

Í kirkjunni eru engir gestir. Þar eiga þeir heima sem vilja vera með. Hún tekur á móti okkur með opinum faðmum og býður okkur velkominn um borð til að standa saman og sigla saman heim í hina himnesku friðarins höfn.

Með inlægri samstöðu í bæni og með kærleiki- og friðarkveðju.

– Lífi lífi!

Höfundur er ljóðskáld og rithöfundur og aðdáandi lífins.

TIL ÞEIRRA ER MÁLÍÐ VARDAR

Ég undirritaður var skjalavörður á Þjóðskjalafni Íslands frá 1986-2019 og votta hér með að allt frá síðustu aldamótum, til þess að ég hætti að vinna við safnið, leiðbeindi ég Tómas Ísleifssyni margsinis víð að leita gagna.

Allt frá árinu 2005 til 2016 upurði Tómas mig fjölda um, eftir hvaða heimildum dýrleika jarða veri skráður í Jarðabók Skúla Magnússonar fögeta 1760. Því er til að svara að Jarðabók Skúla er sumpart uppskrift á jarðabókum frá því um 1700 og að öðrum parti er Jarðabókin uppskrift á dýrleika jarða um miðja átjándu öld.

Ég hefði ekki svar við því hver göggn væru um frumskírningu dýrleika jarða um 1750.

Reykjavík 14. júlí 2021

Jón Torfason 290349-3749
Jón Torfason, fv. skjalavörður

Falskir dómar

Eftir Tómas Ísleifsson



Tómas Ísleifsson

Á kosningadaginn, 25.9.2021, birtist í Morgunblaðinu grein með heitinu Falskir dómar. Ætlun mín var að fá þá einnig birta mynd af yfirlýsingu Jóns Torfasonar skjalavörðar. Til að yfirlýsingin missi ekki marks er nauðsyn að rekja málavexti.

Dómarar endurupptökudóms höfnuðu í sumar að dómataka mál nr. 12/2021. Verkefni þeirra var að úrskurða:

- hvort rétt væri að heimila endurupptöku hæstaréttarmáls nr. 610/2007, þar sem Hæstiréttur byggir dóm á tveimur fólkskum heimildum; Jarðatali Johnsens 1847 og Jarðabók Skúla fögeta 1760. Hæstaréttardómarnir höfðu í málsgögnum frumheimild Jarðabók 1806, sem sannar að heimildin frá 1847 er fölsk.
- hvort rétt væri að dómata endurupptökubeiðni, þar sem ein ný heimild, Bændatal 1753, sannar að grundvöllur Hæstaréttar, Jarðabók Skúla 1760, er einnig fölsk heimild.

Hér er sagt að málsbeiðni, Tómas Ísleifsson, leggur fyrir endurupptökudóm að dæma honum rétt til að fá hæstaréttarmál endurupptökudóms úr því sem er fyrir þá lagt?

Hvernig vinna dómarar endurupptökudóms úr því sem er fyrir þá lagt?

a. Dómarar endurupptökudóms nefna ekki að Hæstiréttur byggði dóm á tveimur fólkskum heimildum.

b. Dómarar endurupptökudóms nefna ekki að dómur Hæstaréttar er afglöp. Frumheimildina, Jarðabók 1806, lagði Tómas í hendur dómara hæstaréttarmálsins, en í dómnum vitnar Hæstiréttur í villu Johnsens 1847 sem réttan grundvöll dóms. Því liggur fyrir og er í engu ómælt að dómur Hæstaréttar, byggður á villuheimild, er afglöp, en væri glæpur ef þeir hefðu lesið frumheimildina, Jarðabók 1806.

c. Dómarar endurupptökudóms úrskurða að Tómas hafi fyrirgert rétti sínum til endurupptöku á hæstaréttarmálinu og vísa máli hans frá dómi.

d. Ákvörðun dómara kemur í vefir fyrir að nýfundin heimild frá árinu 1753 verði notuð til að hekkja hæstaréttardómi sem er byggður á tveimur fólkskum heimildum.

e. Dómarar endurupptökudóms vitna í 11 málsgreinar laga nr. 91/

1991 um meðferð einkamála. Málsgreinararnar hafa ákveðið um réttindi og skyldur aðila dómsmáls, þar má nefna:

- 1) að dómur skuli vera endur þrætt.
- 2) að aðili máls leyni ekki gögnum.
- 3) rétt aðila dæmds dómsmáls til að fá málið endurupptekið.

Málsgreinar laganna

» Ákvörðun dómara-anna er óheidarleg og það glittir í að úrskurðurinn sé gerður til að veita fyrirverandi dómurum Hæstaréttar skjól.

takast á um andstæð sjónarmið og er það vel:

- Þótt dómur skuli endur þrættu er lögmæt að sum dæmd mál er endurupptekin – til þess starfar endurupptökudómur.

- Sá sem leynir gögnum í dómsmáli getur fyrirgert rétti til endurupptöku á málinu.

- Aðili að dæmdu hæstaréttarmáli getur fengið dóm um endurupptöku hafi hann nýja nýjra heimildir.

Málsgögn flestra einkamála eru í skjalahlutu aðila máls. Tómas leitaði forns skjals sem enginn vissi hvort til væri. Svo gallið er íslenskt réttarfar að eina leiðin til að hekkja hæstaréttardóm nr. 610/2007 eru skjöl frá 1806 og 1753, sem sýna að skjöl frá 1847 og 1760 eru falsk. Aðrir, yfir 20 heimildir, um dýrleikanum 100 hundurð, skipta engu í slag Tómasar víð dómstöla.

Mál Tómasar uppfyllir öll skilyrði laga. Einnig að hann þer fram nýja heimild sem sagnfræðilega hrindir hæstaréttardómnum að fullu. Dómarnir Aðalstein E. Jónsson, Eiríkur Elís Þorláksson og Jóhannes Karl Sveinsson stadhæfa að þeir megi ekki dómataka málið. Rökleysa þeirra er augljós.

Hlutverk endurupptökudóms er að dómata og dæma rétt til endurupptöku á grundvelli nýrra framlagðra heimilda. Öflun heimilda í máli Tómasar er óvenju torveld, eins og vitnisburður Jóns Torfasonar sagnfræðings sýnir.

Ákvörðun dómara er óheidarleg og það glittir í að úrskurðurinn sé gerður til að veita fyrirverandi dómurum Hæstaréttar skjól.

Höfundur er líffræðingur.
linekra@simnet.is

Fyrir hvern er SKE?

Eftir Steinþór Jónsson



Steinþór Jónsson

Ein af mörgum eftirlitstofnum hans opinbera er hið valdamikla SKE, Samkeppniseftirlitið. Það lætur til sín taka með þeim hætti að bera þarf undir það hin smæstu og ómerkilegustu viðskipti á markaði, sem oftar en ekki tekur mánuði eða ár að fá samþykki fyrir. Eins og margar stofnanir hins opinbera lætur þetta eftirlit sig allt varða, meira að segja hvernig tala má um hagkerfið. Nýjasta útskipti eftirlitins snýr að tali forsvarsmanna atvinnurekenda um aðstæður í hagkerfi heimsins og þá verðbógu að titan sem nú vofir yfir. Ekki að við sjálf höfum ekki gerð nóg til að skapa verðbólgu innanlands með lóðaskorti, flóðaskorti og innistæðlausum launa-hækkunum. Bara til að nefna fátt.

Forstjórnin telur raunar að fyrirtækin geti beitt öðrum aðferðum í rekstri sínum en að hækka verð, t.d. að hagræða. Sem er gert í öllum fyrirtækjum þegar kreppir á og þá með uppsögnum á starfsfólki, lokum rekstrar og hagræðingu í inkaupum. Vinna sem á sér reglulega stað í

» Mér hefur virst sem SKE, Samkeppniseftirlitið, sé hálfgerð neytdastofa með riflegar valdheimildir.

vel reknun fyrirtekið, óháð árferði. Þetta ætti forstjórnin að vita.

Samkeppni og hagar neytenda

Mér hefur virst sem SKE, Samkeppniseftirlitið, sé hálfgerð neytdastofa með riflegar valdheimildir. Að visu er starfandi Neytdastofa með refsheimildir en á tall og gjörðum forstjóra SKE lítur út fyrir að allt hverfist um hag neytenda. Enda tiltekur stofnunin á heimasíðu sinni þann mun sem er á störfum hennar og tóðrar Neytdastofu. Mætti halda að SKE gæfi sér fyrirfram að fyrirtæki stundi samsæri til að klekkja á neytdóm og þá sé allt undir,

meira að segja staðsetning verslana og eignarhald þeirra. Í stað þess að átta sig á því að markaðurinn er kvikur og sibreytilegur ætti að vera meiri áhersla á að samkeppni minni og stærri fyrirtækja sé sem jöfnust. Að stórfyrirtæki noti ekki ágóða af einum rekstri til að niðurgreiða aðra starfsemi, á samkeppnismarkaði, sem nýttist til stuðnings. Kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Ég læt lestandum eftir að gíska á við hvað er átt. Það getur þó varla verið neytdómur í

hag að fyrirtæki helstir úr lestinni á markaði sökum yfirburðstöðu stórfyrirtækja. Lítið hefur verið hugað að aðstæðum fyrirtækja til samkeppni og þeim aðstöðum sem myndast hefur á milli lítilla einkafyrirtækja og stórfyrirtækja á markaði. Svo ekki sé nú minnst á samkeppni einkaöðla við hið opinbera. Sem segir sig sjálf að er aldrei jöfn sökum eignarhaldsins. Lítið þóður fer í þetta hjá SKE og einblínt á staðsetningu verslana og/eða fjölda þeirra, sem verður sífellt kjánalega eftir því sem netverslun- um fjölgar. Ekki nema SKE taki að sér að úthluta þeim líka! Við skulum ekki útlökka það, svona miðað við það sem á undan er gengið.

Rangar áherslur?

Raunar segir forstjórnin það sjálfur á málfunni á vegum ASI að of mikill tími fari í að skoða samruna á markaði og stöðugildi séu of fá til að annað komist að. Með því er hann að kalla eftir meira fé og meira umfangi. Hvað með að breyta áherslum? Hætta að veita því fyrir sér hvað margar verslarnir hver á og hvort Lúllabúð megi sameinast Kollubúð eða ekki. Sé aðgengi að markaði gott ætti samkeppni að vera tryggð þótt keppnautar á markaði rugli sama reytum um stund. Ef eitthvað er öruggt í viðskiptum þá er það það að velgengi eins kallar á viðbrögð annars. Það er hin sanna samkeppni.

Höfundur rekur fyrirtæki.

PARFTU AÐ LÁTA GERLA VIÐ?

FINNA ÞÚ FINNUR ALLT Á FINNA.IS